



**RÁÐHERRAFUNDUR FRÍVERSLUNARSAMTAKA EVRÓPU, Schaan, 21. júní 2011**

**FRÉTTATILKYNNING <sup>(<sup>1</sup>)</sup>**

Sumarfundur Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) með ráðherrum aðildarríkjanna var haldinn í Schaan í Liechtenstein hinn 21. júní 2011 undir forsæti utanríkisráðherra Liechtensteins, Aurelia Frick. Ráðherrar EFTA-ríkjanna fjögurra (Íslands, Liechtensteins, Noregs og Sviss) undirrituðu fríverslunarsamning við **Hong Kong, Kína**, en fulltrúi Hong Kong, Kína var Gregory So, starfandi ráðherra viðskipta og efnahagsþróunar.

**Alþjóðlegt efnahags- og viðskiptaumhverfi**

Ráðherrar EFTA-ríkjanna sögðu það ánægjuefni hve viðskipti hefðu tekið mikinn kipp á árinu 2010. Þeir kváðu skýrt á um að forðast bæri að grípa til verndarráðstafana og sögðu mikilvægt að efla efnahags- og fjárhagslegan stöðugleika. Þeir ítrekuðu eindreginn stuðning sinn við hið fjölþjóðlega viðskiptakerfi. Í því sambandi lýstu þeir þungum áhyggjum af því hve lítið miðaði í Doha-viðræðum Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO). Ráðherrar EFTA-ríkjanna hvöttu alla viðræðuaðila til að beita sér á uppbyggilegan hátt svo ljúka mætti samningalotunni.

**Ívilnandi viðskiptasambönd**

Ráðherrar EFTA-ríkjanna lýstu ánægju með hinn nýja fríverslunarsamning sem gerður hefur verið við Hong Kong, Kína og bætist við sívaxandi safn ívilnandi viðskiptasambanda EFTA. Hong Kong, Kína er einn helsti viðskiptafélagi EFTA-ríkjanna á heimsvísu og samningurinn styrkir enn frekar tengsl EFTA við Asíu. EFTA hefur nú gert 23 fríverslunarsamninga við 32 lönd og yfirráðasvæði sem standa utan Evrópusambandsins.

Með hliðsjón af þeirri áherslu sem lögð er á að bæta viðskiptatengsl við mikilvæga samstarfsaðila í Asíu ræddu ráðherrarnir stöðu viðræðna við stjórnvöld á **Indlandi** og lýstu þeirri von að þeim myndi ljúka á árinu 2011. Þeir lýstu ánægju með að viðræður við stjórnvöld í **Indónesíu** hefðu hafist fyrir á árinu. Ráðherrarnir ítrekuðu enn fremur þá ósk að taka aftur upp viðræður við stjórnvöld í **Tailandi** þegar aðstæður leyfðu.

Ráðherrarnir sögðu ánægjulegt að sameiginlegur vinnuhópur EFTA-ríkjanna og Víetnams hefði, í skýrslu sinni, komist að jákvæðri niðurstöðu um að

<sup>(1)</sup> Ópinber þýðing EFTA-skrifstofunnar úr ensku.

fríverslunarsamningur væri fýsilegur og þeir lýstu sig reiðubúna að hefja viðræður við fyrsta tækifæri. Þeir lýstu sig enn fremur reiðubúna að hefja fríverslunarviðræður við stjórnvöld í *Malasíu*.

Ráðherrarnir sögðu það gleðiefni að snemma árs 2011 hefðu viðræður hafist við aðildarríkin þrjú að tollabandalagi *Rússlands, Hvíta-Rússlands* og *Kasakstans*, svo og við *Bosníu og Hersegóvínu* og *Svartfjallaland*, enda stuðluðu þær að því að styrkja frekar tengsl við lönd í Evrópu.

Ráðherrarnir sögðu einnig æskilegt að styrkja tengsl við lönd á meginlandi Ameríku. Þeir ræddu könnunarviðræður sem til þessa hefðu farið fram við fimm *ríki Mið-Ameríku* (Kostaríku, El Salvador, Gvatemala, Hondúras og Panama) og ákváðu að vinna áfram að undirbúningi fyrir hugsanlegar samningaviðræður. Þeir voru einnig einhuga um að kanna möguleika á nánari viðskiptatengslum við *MERCOSUR* (Argentínu, Brasilíu, Paragvæ og Úrúgvæ) á grundvelli fyrirbyggjandi, sameiginlegrar yfirlýsingar um samstarf.

### **Samstarf við Evrópusambandið**

Ráðherrar EFTA-ríkjanna, sem eiga aðild að EES, ræddu almenna framkvæmd EES-samningsins og beindu sjónum sínum sérstaklega að efnahagskreppunni. Þeir lögðu áherslu á að nauðsynlegt væri að grípa til samhæfðra og umfangsmikilla aðgerða á Evrópuvettvangi. Ráðherrarnir sögðu ánægjulegt að EFTA-ríkin, sem eiga aðild að EES, yrðu innan skamms aðilar að nýju fjármálaeftirlitskerfi ESB sem tók til starfa 1. janúar 2011.

Ráðherrarnir ítrekuðu mikilvægi náins samstarfs við Evrópusambandið um orkumál og loftslagsbreytingar og lýstu ánægju með upptöku losunarkerfis fyrir loftför í EES-samninginn.

Ráðherrarnir sögðu það fagnaðarefni að lokið hefði verið við flest verkefni og áætlanir Þróunarsjóðs EES og Þróunarsjóðs Norðmanna fyrir tímabilið 2004–2009, jafnframt því sem mestöllum fjármunum hefði verið úthlutað. Þá lýstu ráðherrarnir ánægju með að gerð samninga um Þróunarsjóð EES og Þróunarsjóð Norðmanna fyrir tímabilið 2009–2014 væri lokið. Þeir lýstu jafnframt þeirri von að fljótlega yrði lokið við gerð viljayfirlýsinga við styrkríkin.

Ráðherrarnir ræddu niðurstöður fundar leiðtoga ráðs ESB, sem var haldinn í desember 2010, einkum yfirlýsingu þess efnis að mjög góð og nán tengsl við EFTA-ríkin hefðu styrkst enn frekar.

### **Ráðgjafarstofnanir**

Ráðherrarnir héldu fund með tveimur ráðgjafarstofnunum EFTA sem taka virkan þátt í starfi samtakanna: þingmannanefndinni og ráðgjafarnefndinni. Þeir áttu gagnleg skoðanaskipti við nefndarmenn um ýmis málefni, meðal annars samskipti EFTA-ríkjanna við ríki utan EES. Að því er varðar EES ræddu þeir einkum efnahagskreppuna, áætlun Evrópusambandsins „Europe 2020“ og þá endurskoðun EES-samningsins sem Liechtenstein, Noregur og Evrópusambandið hafa tekist á hendur.

**Fundinn sátu:**

Liechtenstein Aurelia Frick, utanríkisráðherra (fundarstjóri)

Ísland: Össur Skarphéðinsson, utanríkisráðherra, ráðherra utanríkisviðskipta

Noregur: Rikke Lind, aðstoðarviðskipta- og iðnaðarráðherra

Sviss: Johann N. Schneider-Ammann, sambandsráðherra, yfirmaður efnahagsráðuneytis sambandslýðveldisins

EFTA: Kåre Bryn, framkvæmdastjóri

---